

Fundur 24.6.2024 Elísabet frá Víetnam, gift Íslenskum sjómanni.

Komið þið blessuð og sæl, heilsa ég ykkur.

*Já sæll.*

Margt er það sem gerist og hamingjan er mikil að hafa komist á framlífs jörð og upplifað hér hina merkilegustu hluti og gleði í lífi og ætíð finnst mér ég sakna gamla hnattarins og gamla landsins og gleður það mig því mjög að komast í þetta samband og geta sagt ykkur frá æfi minni.

Átti ég góða æfi hér á þessum hnetti um langt skeið en hefur skugga borið á og mun ég greina frá því.

Og get ég ekki talað lengi þar sem ég finn að orka mín er ekki nægilega mikil, er ég ekki oft að tala á slíkum fundum, en þótti mér mikilvægt að reyna að nota það tækifæri að ná til gömlu jarðarinnar.

Og finn ég raskanir á sambandinu og er það annað heimaland sem togar í mig og vil ég gjarnan koma erindi mínu til skila og ætla ég að reyna að segja nafn mitt og segja deili á mér og sögu mína.

Höfðum við önnur trúarbrögð er við komum til ykkar lands, en tók ég upp kristna trú og bý ég hér í framlífi nálægt stjörnusambandsstöð þeirri sem á kristilegum grundvelli starfar.

Og get ég ekki verið lengi í sambandinu og finn ég truflanir og er ekki vön að tala í slíku sambandi, en heilsa okkar hefur ekki verið nægilega góð og truflanir hafa orðið á orkunni og hafa atburðir átt sér stað að undanförunu sem hafa orðið til þess að nágrannarnir hafa mótmælt rekstri þessarar stjörnusambandsstöðvar sem Sigurbjörn, gamli biskupinn rekur og eru þar áhrif sem valda truflandi áhrifum á heilsu, en er þar boðaðar sjónvarpsstöðvar og úrvarpsstöðvar kristilegar.

Og reyna þau að koma fram hamfaraflutningum kristilegum, en ekki tekist, og mætti ýmislegt af því segja.

En vann ég í fiski og hef svipaðan starfa hér með höndum, auk þess sem ég er heimavinnandi, en vildi koma því á framfæri að rekstur hinnar kristilegu stjörnusambandsstöðvar er í ákveðnum vanda og verður ekki leyst úr því fyrr en deilu þessari er lokið og rannsóknir hafa farið fram betur og er þar orð á móti orði og reynslusögurnar margvíslegar, sumar eru þær góðar og aðrar miður góðar og fer það eftir einstaklingum og er þetta mikið mál að segja frá þessu í smáatriðum.

Annars hef ég gott af mér að segja á þessum hnetti og umgengst ég ekki innfædda mikið, en full af kærleika og þakklæti fyrir mig og hef ég hér komið upp góðri fjölskyldu og gengur það vel að flestu leiti.

En mörg eru þau vandamálín og er þetta eitt slíkt, verð ég nú að kveðja ykkur, segja á mér deili, maðurinn minn kynntist mér, Íslenskur sjómaður, Víetnömsk Elísabet.

Verið þið sæl. Þakka fyrir mig.

*Vertu sæl og takk fyrir komuna.*